

# Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals



Fundur nr. 9 Dags. 29.04.2021

**Fundarstaður:** Végarður, kl. 16:15.

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Þórhallur Jóhannesson, Jóhann F. Þórhallsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar var gestur fundarins.

**Á fundinum:**

1. Ársreikningar 2020
2. Fjárhagsáætlun 2021
3. Ávöxtun sjóðsins
4. Leiðir til að styrkja sjóðinn
5. Önnur mál

Formaður bauð stjórnarmenn og gest velkomna og setti fund.

## 1. Ársreikningar 2020

Formaður lagi fram endurskoðaðan ársreikning Samfélagssjóðs Fljótsdals, sem fundarmenn höfðu fengið í tölvupósti fyrir fundinn. Farið yfir hvern lið. Vilyrði um úthlutaða styrkir 12.884.000 kr. Laun og launatengd gjöld miðast við nefndarlaun hjá Fljótsdalshrepp, nema hvað laun formanns, sem er starfsmaður Austurbrúar, fara frá sjóði yfir á verkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal, samkv. munnlegu samkomulagi þar um. Heildarútgjöld launa og launatengdra gjalda 1.343.018 kr. Annar rekstrarkostnaður eru útgjöld er tengjast auglýsingum og kynningum á sjóðnum sem og úthlutunarhátíð, alls 118.266 kr. Eignir alls 62.210.870 kr. Umræður um ársreikninga.

Ársreikningurinn borinn upp til samþykkta. Stjórnarmenn samþykkja hann samhljóða og staðfesta með undirritun sinni.

## 2. Fjárhagsáætlun Samfélagssjóðs 2021

Formaður lagði fram fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir 2021 sem áður hefðir verið send út til stjórnarmanna. Forsendur fjárhagsáætlunar 2021:

- Úthlutaðir styrkir í samræmi við úthlutun vorið 2021.
- Kostnaður hækki um 2,5% í takt við verðbólgygmarkmið.
- Annar rekstrarkostnaður er kostnaður við endurskoðun og uppgjör í samræmi við tilboð.
- Annar kostnaður tengt umsýslu sjóðsins er kostnaður af verkefninu Fögur framtíð í Fljótsdal í samræmi við samning þess efnis á milli Fljótsdalshrepps, Austurbrúar og Samfélagssjóðsins.
- Fjármagnsliðir sýni 2,5% ávöxtun í samræmi við verðbólgygmarkmið.

Áætlaðir úthlutaðir styrkir 12.884.000 kr. Laun og launatengd gjöld 1.376.593 kr og annar rekstrarkostnaður 250.000 kr. Eigið fé 48.784.011 kr í lok árs. Umræður um fjárhagsáætlun sjóðsins.

Fjárhagsáætlun borin upp til samþykktar. Stjórnarmenn samþykkja fjárhagsáætlunina samhljóða.

### **3. Ávöxtun sjóðsins**

Formaður leiddi umræður um mögulegar leiðir til ávöxtunarsjóðsins. Ástæðan er neikvæð ávöxtun á bankareikningum í dag og ábyrgð stjórnar gagnvart vörlu sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá.

Staðan í dag er sú að vextir voru í ársbyrjun 2,2% en hafa fallið niður í 0,75% vegna vaxtaákvarðanna bankans og Seðlabanka Íslands. Vegið meðaltal þessa er því um 1,34%. Hækkan neysluvísitölu ársins er 3,49% og mismunurinn því neikvæður sem nemur 2,15%.

Vegna þessa óskaði stjórnin fyrir allnokkru að fá kynningu á ávöxtunarleiðum frá Landsbankanum og Íslensku Verðbréfum, auk þess að ræða við vörlubanka sjóðsins.

Góðar og opinskáar umræður um ávöxtun sjóðsins og sammælst um leið til betri ávöxtunar sjóðsins.

Sjóðsstjórn samþykkir að setja 30 milljónir í trygga ávöxtunarlínu hjá Íslenskum Verðbréfum.

### **4. Leiðir til að styrkja sjóðinn**

Umræða tekin um það með hvaða hætti er hægt að fá aukið fjármagn í sjóðinn. Stjórnarmenn hafi þetta í huga og bendi á tækifæri og leiðir.

### **5. Önnur mál**

Verkefnastjóri greindi frá hvernig mál hafa þróast eftir úthlutunarhátíð. Aðeins á eftir að skrifa undir þrjá samninga.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:05

ÁHBj ritaði